

ELDVÖRP

á Reykjanesi

**Athugasemdir vegna
3ja áfanga rammaáætlunar.**

Ellert Grétarsson
Kt. 100165-3419.
elg@elg.is

Enn á ný eru Eldvörp á Reykjanesi flokkuð í orkunýtingarflokk þrátt fyrir hátt verndargildi.

Þessi ráðstöfun er með öllu óskiljanleg í ljósi umsagnar Skipulagsstofnunar um umhverfismat fyrirhugaðra rannsóknarborana HS Orku við gígaröðina. Skipulagsstofnun segir um að ræða **umfangsmikið, óafturkræft rask á vel grónum, óröskuðum svæðum, m.a. mosagrónum nútímahraunum sem hafa ákveðna sérstöðu vegna fágætis á heimsvísu.**

Eldvörp eru um 10km löng gígaröð skammt vestan við Bláa Lónið og Svartsengi. Gígaröðin myndaðist í Reykjaneseldum á 13. öld en þá runnu Eldvarpahraun, Stampahraun yst á Reykjanesi og Arnarseturshraun en í gegnum það liggur Grindavíkurvegurinn. Þegar farið er um þessi svæði á ysta hluta Reykjaneskagans er ekki erfitt að ímynda sér hvað gengið hefur á í þessum miklu jarðeldum. Hvergi í heiminum eru ummerki eldvirkinnar á mótum tveggja jarðskorpufleka jafn sýnileg á þurru landi. Segja má að Eldvörp séu eins og smækkuð útgáfa af Lakagígum, frægustu gígaröð landsins og eru þau **á náttúruminjaskrá.**

Gígaröðin öll er afar forvitnileg og raunar er Eldvarpasvæðið allt kynngimagnað þar sem saman fer áhugaverð jarðfræði og forvitnileg saga. Umhverfis þessar merkilegu jarðminjar liggja gamlar alfaraleiðir og vinsælar gönguleiðir eins og Árnastígur, Skipsstígur og Prestastígur.

Bæjaryfirvöld í Grindavík hafa nýverið veitt HS Orku leyfi til rannsóknarborana í Eldvörpum, þrátt fyrir umsögn Skipulagsstofnunar um neikvæð umhverfisáhrif af slíkum borunum. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir fimm risastórum borteigum nánast ofan í gígaröðinni en hver og einn þeirra verður á bilinu 4 – 5 þúsund fermetrar að stærð.

Skipulagsstofnun skilaði álitum um matsskýrsluna síðastliðið haust og tekur í umsögn sinni undir þau sjónarmið að **lítt raskað svæði** eins og Eldvörp sé **afar mikilvægt til útivistar og ferðamennsku** í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Stofnunin segir áhrif fyrirhugaðra framkvæmda „**talsvert neikvæð**“ vegna rasks á eldhrauni. Jafnframt verði áhrif á gróður **talsvert neikvæð** þar sem um sé að ræða „**nokkuð umfangsmikið, óafturkræft rask á vel grónum, óröskuðum svæðum, m.a. mosagrónum nútímahraunum sem hafa ákveðna sérstöðu vegna fágætis á heimsvísu**“, eins og segir í umsögninni.

Í ljósi þessa ætti auðvitað að setja Eldvörp umsvifalaust í verndarflokk og koma í veg fyrir fyrirhugaða eyðileggingu á þessum einstöku náttúruminum.

Í matsskýrslunni vegna framkvæmdanna kemur glögglega fram að tengsl eru á milli hitasvæðanna í Eldvörpum og Svartsengi. Allt bendir til þess að um sama jarðhitageyminn sé að ræða. Orkuvinnsla í Eldvörpum yrði því aldrei sjálfbær, ekki frekar en vinnslan í Svartsengi sem er keyrð á rúmlega 70% afköstum til að hægt sé að halda henni í jafnvægi. Helst dettur manni í hug að menn ætli að nota Eldvörpin til að efla minnkandi jarðhitann á Reykjanesi með tilheyrandi gufulögn, svipað og til stendur að gera með Hverahlíð fyrir jarðhitavinnsluna á Hellisheiði. Allavega er ljóst að náttúran fær ekki að njóta vafans, frekar en áður.

Reykjanesbæ 29.07.2016






Í Eldvörpum er að finna kynngimagnaða náttúru þar sem jarðhitinn sveipar umhverfið dulúð.



Gægst ofan í einn gíganna. Gígaröðin öll er afar forvitnileg.



Horft eftir hluta gígaraðarinnar úr lofti. Að ramma hana inn með fimm risastórum borstæðum er glapræði, vægast sagt.